

1. Með viðskiptum við Gíraffa sf. staðfestir viðskiptavinur að hann hafi lesið skilmálana og fallist á að lúta þeim.
2. Ef skilmálar þessir eru brotnir getur það valdið tafarlausri lokun hýsingar án fyrirvara.
3. Gíraffi sf. mun eftir fremsta megni tryggja trúnað og öryggi viðskiptavina og þeirra gagna sem þeir kunna að geyma hjá Gíraffa.
4. Endurgjald fyrir þjónustu Gíraffa sf. greiðist fyrirfram mánaðarlega. Áskriftargjald reiknast samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma. Gjaldtagi er 1. hvers mánaðar.
5. Uppsagnir.

1. Segja skal upp áskrift með sannanlegum skriflegum hætti t.d. með því að senda tölvupóst á giraffi@giraffi.net. Uppsögn getur einungis tekið gildi um mánaðamót og þarf þá að hafa borist fyrir 20. dag mánaðar til að taka gildi um næstu mánaðarmót. Uppsögn sem berst eftir 20. dag mánaðar tekur þ.a.l. ekki gildi fyrr en um þar næstu mánaðamót.
2. Ef teknir eru heilir netþjónar á leigu skuldbindur viðskiptavinur sig í 3 mánuði frá upphafi viðskipta og því er fyrst hægt að segja viðskiptum upp í þriðja mánuði frá því viðskipti hófust. Að öðru leyti gildir það sama og í 1-undirlit 5-lið.

6. Eftir að viðskipti eru hafin ábyrgist Gíraffi sf. eftirfarandi:

1. Að stofna reikning og notandanafn fyrir viðskiptamann.
2. Að geyma alla tölvupósta og öll samskiptagögn viðskiptamanns og Gíraffa í amk. 7 ár.
3. Að uppfylla öll þau atriði sem talin eru upp við upphaf viðskipta og má finna m.a. í tölvupóstsamskiptum við viðskiptamann.

7. Gíraffi sf. ábyrgist ekki:

1. Tjón vegna tengiörðugleika, nauðsynlegra viðgerða og endurbóta á búnaði Gíraffa sf. eða óviðráðanlegra ytri aðstæðna, þ.a.m. rafmagnsleysis, viðgerða á sæstrengjum og netárása.

2. Tjón vegna uppsetningar eða notkunar á hugbúnaði sem Gíraffa sf. kann að hafa bent reikningshafa á að nota.
3. Gíraffi sf. getur aldrei orðið ábyrgur vegna hvers kyns tjóns sem notandi kann að verða valdur að á reikningi sínum.
8. Eftir að viðskipti hefjast ábyrgist viðskiptavinur að fylgja notkunarskilmálum svo og eftirfarandi notkunarreglum:
 1. Óheimilt er að lána, samnýta eða gefa þriðja aðila upp lykilorð sitt. Umframnotkun sem það kann að leiða af sér er á ábyrgð notanda.
 2. Óheimilt er að nota aðganginn til að dreifa tölvuveirum eða öðru sem kann að valda skaða hjá viðtakanda.
 3. Óheimilt er að villa á sér heimildir í samskiptum til dæmis þegar sendur er tölvupóstur eða á annan hátt.
 4. Óheimilt er að vista efni á vefsvæðum Gíraffa sem ekki er í samræmi við lög og reglur eða almennt velsæmi. Þar með talið er efni sem er ærumeiðandi.
 5. Viðskiptavinum er óheimilt að setja upp hugbúnað eða starfrækja þjónustu á búnaði Gíraffa sf. sem getur truflað kerfisrekstur og/eða þjónustu við aðra viðskiptavini.
 6. Gíraffi sf. áskilur sér rétt til að ákvarða hvort tiltekin samskipti teljast brjóta í bága við þessar reglur.
9. Gíraffi sf. áskilur sér rétt til að senda viðskiptavinum póst, bréf og/eða tölvupóst með tilkynningum er varða þjónustuna.
10. Gíraffi sf. áskilur sér rétt til að eyða gögnum viðskiptavinar ef reikningar hafa ekki verið greiddir samfellt í 3 mánuði.
11. Hvers kyns ósiðleg eða ólögleg notkun á þjónustu Gíraffa sf. er með öllu óheimil.
12. Skráður eigandi reiknings telst ábyrgur fyrir að skilmálum Gíraffa sf. sé fylgt. Viðskiptavinur ber

alfarið ábyrgð á notkun lykilorða sinna sem og öllum samskiptum og/eða gögnum sem frá því stafa þ.m.t. vefsíður, tölvupóstur og skráflutningsgögnum.

13. Gíraffi sf. ábyrgist ekki innihald vefsvæða, tölvupóstsendinga eða annara gagna sem stafar frá viðskiptavinum Gíraffa sf..
14. Telji starfsmenn Gíraffa sf. að viðskiptavinur fylgi ekki notkunarreglum er Gíraffa heimilt að takmarka eða loka algerlega fyrir aðgang viðskiptavinar að þjónustu sinni án nokkurs fyrirvara.
15. Sé ekki innistæða fyrir skuldfærslu áskriftargjalds má viðskiptavinur búast við að lokað verði fyrir þjónustu við hann og viðskiptaskuld viðkomandi reikningshafa send í innheimtu.
16. Skilmálar þessir kunna að verða endurskoðaðir án fyrirvara, en þá mun Gíraffi sf. senda tilkynningu um breytingar til viðskiptavina.